



Til sveitarstjórna landsins

Dagsetning
Málsnúmer

5. febrúar 2024
FOR23110245

Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024

Forsætisráðherra skipaði hinn 4. október sl. nefnd um 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins sem vinnur að mótun hátíðardagskrár af því tilefni sem birt er á vef forsætisráðuneytisins www.lydveldi.is og verður í mótun á afmælisárinu. Í nefndinni eru fulltrúar forsætisráðuneytis, skrifstofu forseta Íslands, menningar- og viðskiptaráðuneytis, Alþingis og Þingvallahljóðgarðar. Þá gerir nefndin tillögur um hvernig minnst megi 1150 ára afmælis Íslandsbyggðar sé miðað við viðtekið ártal.

Af þessu tilefni gefur forsætisráðuneytið út bókina *Fjallkonan. Þú ert móðir vor kær* með þjóðhátíðarljóðum og greinum um fjallkonuna. Bókin verður gjöf til landsmanna og verður dreift um landið. Þar verður birt úrval þjóðhátíðarljóða ásamt greinum um fjallkonuna með þýðingum.

Hátíðahöldin munu ná hámarki 17. júní með hefðbundinni dagskrá, þegar 80 ár eru liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi, með dagskrá og kórasöng um allt land. Í tilefni þjóðhátíðardagsins verður boðið upp á lýðveldisafmælisköku. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum efnir til afmælisdagskrár þar sem landsmenn eru hvattir til að heimsækja Þingvelli þar sem gestum er boðið að skoða sýninguna *Hjarta lands og þjóðar* og helgina 15.–16. júní verður fjölbreytt menningardagskrá á Þingvöllum, í Almagnagjá og víðar um þjóðgarðinn. Þann 16. og 17. júní verður hátíð á Hrafnseyri með dagskrá í tilefni lýðveldisafmælisins og 1150 ára afmælis Íslandsbyggðar og verður sjónum beint að landnámsminjum á Hrafnseyri. Þá verður efnt til menningarviðburða um allt land.

Í anda fjallkonunnar, lands og þjóðar, verður leitast við að ná til sem flestra með tveimur viðburðum eða vörðum í dagskrá ársins, annars vegar samsöng kóra landsins undir yfirskriftinni *Sungið með landinu* og hins vegar gönguferðum um náttúru Íslands undir yfirskriftinni *Gengið um þjóðlendur* í öllum fjórðungum landsins:

- Verkefnið *Sungið með landinu* er í undirbúningi í samstarfi við kóra og kórstjóra landsins. Þar verður efnt til söngs kóra landsins þar sem sjónum er beint að þeirri miklu grósku sem einkennir kórastarf þjóðarinnar og þá samkennd sem söngurinn veitir. Nú stendur yfir samkeppni um nýtt kórlag við texta Þórarins Eldjárns, *Ávarp til Fjallkonunnar 2015*. Verkefnisstjóri er Margrét Bóasdóttir, formaður Landssambands blandaðra kóra sem vinnu í samvinnu við samtök kóra og kórstjóra. Velkomið er að óska frekari upplýsinga hjá margret.boasdottir@gmail.com.
- Með verkefninu *Gengið um þjóðlendur* er efnt til gönguferða um náttúru landsins í öllu fjórðungum með skipulögðum gönguferðum við sem flestra hæfi. Gengið verður um þjóðlendur og sjónum beint að þeirri þjóðareign sem þjóðlendur landsins eru og fróðleik miðlað þar um. Verkefnið er skipulagt í samstarfi við Ferðafélag Íslands og Útivist.

Með bréfi þessu er óskað eftir samstarfi við sveitarfélög landsins í tengslum við hátíðardagskránna með miðlun og hvatningu til þátttöku eins og hentar best á hverjum stað. Vonir standa til þess að dagskrá afmælisársins muni höfða til sem flestra og leiða til samveru í gleði, söng og útiveru á 80 ára afmæli lýðveldisins.

Með góðri kveðjur,

f.h. afmælisnefndar


Margrét Hallgrímsdóttir, formaður

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026